

# Tengsl PP13 á fyrsta þriðjungi meðgöngu við greiningu meðgönguháþrýstings eða meðgöngueitrunar

Hólmfríður Ísold Steinþórsdóttir<sup>1</sup>, Jóhanna Gunnarsdóttir<sup>1,2</sup>, Sveinbjörn Gizurarson<sup>3</sup> Ingibjörg Gunnarsdóttir<sup>4</sup> og Helga Helgadóttir<sup>3</sup>

<sup>1</sup>Læknadeild Háskóla Íslands, <sup>2</sup>Kvennadeild Landspítala, <sup>3</sup>Lyfjafræðideild Háskóla Íslands og

<sup>4</sup>Næringafræðideild Háskóla Íslands

## Inngangur:

Placental prótein 13 (PP13) er framleitt í fylgju snemma á meðgöngu og er talið taka þátt í umbreytingu blóðflæðis til fylgjunnar. Galli í myndun fylgjunnar snemma á meðgöngu, sem leiðir til blóðþurrðar, er talin líkleg orsök meðgöngueitrunar. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort styrkur PP13 í blóðvökva við 11-14 vikna meðgöngu geti sagt til um greiningu háþrýstingssjúkdóma síðar á meðgöngu og hvort sambandið sé U-laga.

## Efniviður og aðferðir:

Tilfelli og viðmið voru fengin úr þýði PREWICE II rannsóknarinnar. Þátttakendur voru n=174 í þremur hópum; konur sem greindust með meðgöngueitrun (n=30), konur sem greindust með meðgönguháþrýsting (n=44) og viðmiðunarhópur (n=100). Framkvæmd var ELISA mótefnaþing á plasma sýnum frá 11-14 vikna meðgöngu og styrkur PP13 reiknaður. Meðalstyrkur PP13 var borinn saman milli hópa og tilgátupróf framkvæmd. Tvíkosta aðhvarfsgreining var notuð til að kanna samband PP13 við greiningu háþrýstingssjúkdóma síðar á meðgöngu. Hvor tilfellohópur var skoðaður fyrir sig og svo útkomurnar sameinaðar í einn tilfellohóp.

## Niðurstöður:

PP13 mældist marktækt 17,1 pg/mL hærra að meðaltali hjá meðgönguháþrýstingshópnum en hjá viðmiðunarhóp (p=0,03). Gagnlíkindahlutfall með 95% öryggisbili var reiknað fyrir hverja 10 pg/mL hækkun á PP13 hjá meðgönguháþrýstingshópi miðað við viðmiðunarhóp og var það 1,10 (1,01-1,22). Ekki mældist marktækur munur á styrk PP13 hjá meðgöngueitrunarhóp og viðmiðunarhóp. Tvíkosta aðhvarfsgreining sýndi ekkert U-laga samband milli styrks PP13 og greiningu háþrýstingssjúkdóma.

## Ályktanir:

Engin tengsl fundust milli lágra gilda PP13 og háþrýstingssjúkdóma en hærri PP13 styrkur tengdist greiningu meðgönguháþrýstings. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar mætti kanna nánar forspárgildi PP13 fyrir háþrýstingssjúkdómum á meðgöngu.